



KNATTSPYRNUSAMBAND ÍSLANDS

Aðildarfélög KSÍ
Formenn/framkvæmdastjórar

Reykjavík, 9. mars 2012

Breytingar á reglugerðum KSÍ

Ágætu félagar

Stjórn KSÍ samþykkti á fundi sínum þann 8. mars breytingar á reglugerðum KSÍ.

Breyting á reglugerð KSÍ um knattspyrnudómara og eftirlitsmenn

Ákvæði 8.2 hljóðar svo:

8.2 Hlutverk eftirlitsmanna er að fylgjast með og gefa skýrslu um frammistöðu dómara og aðstoðardómara. Skýrslur eftirlitsmanna skulu gerðar á sérstöku eyðublaði, sem dómaranefnd útbýr og leggur til, og skal útfylling og frágangur vera skv. leiðbeiningum nefndarinnar. Eftirlitsmenn skulu senda skýrslur sínar með tölvupósti til skrifstofu KSÍ innan sólarhrings frá því að leik lýkur.

Nýtt ákvæði 8.2.

8.2 Hlutverk eftirlitsmanna er að fylgjast með og gefa skýrslu um frammistöðu dómara og aðstoðardómara. Skýrslur eftirlitsmanna skulu gerðar á sérstöku eyðublaði, sem dómaranefnd útbýr og leggur til, og skal útfylling og frágangur vera skv. leiðbeiningum nefndarinnar. Eftirlitsmenn skulu senda skýrslur sínar með tölvupósti til skrifstofu KSÍ innan sólarhrings frá því að leik lýkur. **Þá skal eftirlitsmaður gera skýrslu um framkvæmd leiks sem skal birt á innríf KSÍ, með leikskýrslu.**

Greinargerð:

Umsagnar eftirlitsmanna um framkvæmd leiks geta varðar félögin miklu. Mikilvægt er því að athugasemdir eftirlitsmanna séu félögunum aðgengileg án tafar, svo unnt sé að koma fram athugasemdum eða koma á úrbótum vegna atvika sem getið er um í skýrslu eftirlitsmanns. Með breytingunni er félögum veittur beinn aðgangur að skýrslu eftirlitsmanns um framkvæmd leiks.

Breytingarnar taka þegar gildi.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.
Bestu kveðjur

Þórir Hákonarson
framkvæmdastjóri KSÍ